


# Bókaleifar frá Skriðuklaustri

Leifar þriggja bóka fundust í jafnmörgum gröfum við fornleifauppgröft á rústum Skriðuklausturs í Fljótsdal sumarið 2006. Það sem varðveittist voru leðurklædd bókarþjöld, spennsl og skinnbútar áfastir þeim. Á skinnbútonum má greina latneskan biblíutexta skrifaðan með gotnesku lettri. Skinnbútar þessir hafa væntanlega verið notaðir til innbindingar en flest bendir til þess að bókin sjálf sé horfin. Hún kann því alveg eins hafa verið prentuð.

Grafirnar sem bókaleifarnar fundust í eru að öllum líkindum frá 16. öld en Skriðuklaustur var starfrækt frá árinu 1493 til siðaskipta.



Rannsóknin var unnin fyrir framlag úr Þjóðhátíðarsjóði af dr. Steinunni Kristjánsdóttur lektor í fornleifafræði, dr. Máu Jónssyni prófessor í sagnfræði og dr. Ólafi Eggertssyni skógræðingi hjá Skógrækt ríkisins. Forvörslu önnuðust Rannver Hannesson á Landsbókasafni og Graham Langford á Þjóðminjasafni.

